

## SAMÞYKKT

### um umgengni og þrifnað utanhúss í Akraneskaupstað.

#### 1. gr.

Samþykkt þessi gildir um umgengni og þrifnað utanhúss í Akraneskaupstað.

#### 2. gr.

Eiganda eða umráðamanni húss og lóðar er skylt að halda eigninni vel við, hreinni og snyrtilegri svo og tilheyrandi lóð og girðingum. Ekki má haga hreinsun húsa, húshluta og húsmuna þannig að leitt geti til óþrifnaðar eða ónæðis fyrir aðra, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 941/2002, um hollustuhætti.

#### 3. gr.

Bannað er að skilja eftir, flytja eða geyma lausamuni á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti, svo sem kerrur, bílhuta, bílflök, báta, byggingarefni og annað sambærilegt, sbr. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 941/2002, um hollustuhætti, og 4. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingu.

#### 4. gr.

Tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Óheimilt er að geyma hvers kyns drasl, bílhræ og þess háttar á lóðum. Lóðir sem eru notaðar til geymslu á slíku, skal skerma af með skjólveggjum sem samþykktir eru af byggingarfulltrúa. Girðing eða skjólveggur á mörkum lóða er alltaf háður samþykki beggja lóðarhafa óháð hæð girðingar eða skjólvegs, sbr. 7.2.3. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, sbr. 1. tölul. 60. gr. laga nr. 160/2010, um mannvirki.

#### 5. gr.

Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki sem geymd eru á lóðum íbúðarhúsa skulu geymd á þar til gerðum bílastæðum.

#### 6. gr.

Óheimilt er að geyma báta, kerrur, skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, tæki, vinnuvélar, bílflök eða aðra hluti á bifreiðastæðum sveitarfélagsins, við götur eða á almannafæri. Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja slíka hluti, sbr. 1. másl., á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, og 5. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. og 2. tölul. 4. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

#### 7. gr.

Telji heilbrigðisnefnd svo alvarlega hættu stafa af geymslu hlutar eða tækis, sbr. 5 gr., að aðgerð þoli enga bið er heimilt að fjarlægja slíka hluti eða tæki án viðvörunar.

#### 8. gr.

Þeir sem annast flutninga á almannafæri, skulu haga þeim þannig að ekki valdi óþrifnaði.

#### 9. gr.

Eigi má haga hreinsun fasteigna eða lausamuna þannig að leitt geti til óþrifnaðar umhverfis.

#### 10. gr.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands hefur eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og eftirlit með almennum þrifnaði

utanhúss, sbr. 2. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.

11. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari, valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög skal farið samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og ákvæði 66.-68. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

12. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 27. mars 2017.*

F. h. r.

**Sigurbjörg Sæmundsdóttir.**

*Laufey Helga Guðmundsdóttir.*